



FRAMVÍS
SAMTÖK VÍSIFJÁRFESTA

Unnið í samstarfi við KPMG, apríl 2024.

Fjármögnun Nýsköpunar fyrirtækja

2023 í tölum

Skýrsla þessi er unnin af stjórn Framvís, samtaka engla- og vísisjóða á Íslandi í samstarfi við KPMG, KLAK - Icelandic Startups og Rannís.

Framvís - samtök engla- og vísisjóða: Framvís er samstarfsvettvangur engla- og vísifjárfesta sem vinna að því að efla vistkerfi sprotafjárfestinga á Íslandi. Samtökin starfa náið með hinu opinbera að stefnumótun og stuðla að vönduðum vinnubrögðum með fræðslu, upplýsingagjöf og gagnasöfnun. Nánari upplýsingar um Framvís má finna á: www.framvis.is

Tengiliðir

Sigurður Arnljótsson
Stjórnarformaður Framvís
sa@brunnurventures.com

Svava Björk Ólafsdóttir
Framkvæmdastjóri Framvís
framvis@framvis.is

Ásgeir Skorri Thoroddsen
Partner hjá KPMG ehf.
athoroddsen@kpmg.is

Skilgreiningar

Blönduð Teymi

Félög sem vísisjóðir og englasjóðir hafa fjárfest í og innihalda bæði kvenkyns og karlkyns stofnendur.

Kvennateymi

Teymi eða félög sem vísisjóðir og englasjóðir hafa fjárfest í og innihalda einungis kvenkyns stofnendur.

Karlateymi

Teymi eða félög sem vísisjóðir og englasjóðir hafa fjárfest í og innihalda einungis karlkyns stofnendur.

Englasjóðir

Englasjóðir sem veittu upplýsingar við gerð þessarar skýrslu, eru sjóðirnir Tennin, Nordic Ignite, MGMT Ventures, Pretium, Investa og Brekkubyggð

Vísisjóðir

Vísisjóðir sem veittu upplýsingar við gerð þessarar skýrslu, eru sjóðirnir Brunnur, Frumtak, Crowberry Capital, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Eyrir Venture Management, og Iðunn.

Ávarp frá formanni Framvís



Sigurður Arnljótsson

Meðeigandi Brunnur Ventures og stjórnarformaður Framvís

Framvís gefur út skýrslu um fjárfestingaumhverfi nýsköpunarfyrirtækja á Íslandi nú í þriðja sinn. Markmið skýrslunnar er að auka gegnsæi varðandi fjárfestingar engla- og vísisjóða og sýna umfang fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum á Íslandi, m.a. til að umræða um nýsköpun geti verið byggð á raungögnum*.

Efnahagsóvissa sem ríkt hefur á heimsvísu litaði nýsköpunarumhverfið á síðasta ári. Há verðbólga og stýrivaxtahækkningar hafa sett mark sitt á fjármögnunarmöguleika sprotafyrirtækja hér á landi og erlendis. Það var lítið um sölur á sprotafyrirtækjum, þótt tveir sögulegir atburðir hafi átt sér stað í íslensku nýsköpunarumhverfi, salan á Kerecis til Coloplast fyrir USD 1.3 ma. og skráning á augn-

lyfjabróunarfélaginu Oculis í Nasdaq kauphöllina í New York. Þessir tveir merku áfangar mörkuðu ákveðin kaflaskil í íslenskri nýsköpun eftir að nýtt upphaf vísisjóða hófst hér á landi árið 2015 með tilkomu þriggja vísisjóða fjármögnuðum að miklu leyti af íslenskum lífeyrissjóðum. Þessi jákvæðu tíðindi eru afrakstur af öflugum grasrótastarfi í íslenska nýsköpunarumhverfinu síðastliðinn

áratug. Það gefur auga leið uppbygging sprotaumhverfisins tekur tíma og einhyrningarnir verða ekki til á einni nóttu.

Í fyrra fækkuðu fjárfestingar til sprotafyrirtækja á Íslandi. Sumir vísisjóðir héldu aftur af sér í fjárfestingum vegna væntinga um versnandi horfur á mörkuðum eftir sögulegan uppgang árin 2021 og 2022. Þessi þróun markaði tímabil þar sem fjárfestar voru varfærari og skilmálar á fjárfestingum urðu strangari. Sprotafyrirtæki hafa almennt reynt að fresta því að leita til fjárfesta eftir frekari fjármagni, sem endurspeglast í því að færri sprotafyrirtæki sóttu fjármagn á árinu 2023. Þessi varfærni og bið eftir nýju jafnvægi hefur haft áhrif á vöxt og þróun nýrra fyrirtækja, sem hafa þurft að finna nýjar leiðir til að sækja fram án þess að treysta eingöngu á fjárfestingar frá engla- og vísisjóðum.

Á árinu 2023 fjárfestu íslenskir vísisjóðir í mun færri nýsköpunarfyrirtækjum eða alls í 33 fyrirtækjum, samanborið við 48 árið áður, sem er

31% fækkun. Þá nam heildarfjárfesting 4 ma.kr, samanborið við 10 ma.kr. árið áður, sem er 60% lækkun. Þrátt fyrir samdrátt hjá íslenskum vísisjóðum fjárfestu erlendir fjárfestar meira í félögum stofnuðum af íslenskum frumkvöðlum. Í fyrra fjárfestu erlendir meðfjárfestar meðlima í Framvís fyrir tæpa 28 ma.kr., sem var tæplega þreföld aukning frá árinu á undan. Erlendir meðfjárfestar Framvís eru hátt í 200 og hafa þeir fjárfest fyrir rúmlega 70 ma.kr. frá árinu 2015.

Megin uppfærslan í 2023 skýrslunni eru að bætt hefur verið við upplýsingum um fjárfestingu englasjóða, sölum á félögum íslenskra frumkvöðla, erlendum fjárfestingum í íslenskum nýsköpunarfyrirtækjum, fjárfestingum eftir stigum og skiptingu eignarhluta stofnenda í blönduðum teymum eftir kyni.

Það voru gerðar breytingar á framsetningu gagna á milli ára til að auka gagnsæi og skilning á umhverfi sprotafjárfestinga á Íslandi.

* Þessi gögn eru aðeins meðlimir Framvís

Efnis- yfirlit

- 01 Fjárfestingar í tölum 2023
- 02 Svipmynd af umhverfinu
- 03 Innlit í stuðningsumhverfið
- 04 Englasjóðir í Framvís
- 05 Vísisjóðir í Framvís
- 06 Samanburður fyrri ára
- 07 Eignarsafn engla- og vísisjóða
- 08 Fjárfestingastjórar og fjárfestingaráð

01

Fjárfestingar í tölum 2023

Hér fyrir neðan má sjá graf með samanlagðar fjárhæðir heildarfjárfestinga vísisjóðanna á árunum 2019 til 2023 og á árinu 2023 bætast við tölur frá englum í Framvís. Fjárfestingar vísisjóðanna árið 2023 voru 33 talsins og fjárfestingar englasjóða voru 28 talsins. Þegar tölur frá englum eru skoðaðar er vert að taka fram að um hrá gögn er að ræða og einungis talið þær fjárfestingar þar sem englasjóðir fara leiðandi inn í fjárfestingu. Því eru ekki talin með þær tölur þegar englasjóðir fjárfesta með vísisjóðunum.

Á árinu 2023 var fjárfest fyrir rúma 4 milljarða í nýsköpunarfélögum.

Heildarfjárfesting

Vísisjóða:

3.883.699.377

Fjöldi fyrirtækja sem fjárfest var í:


33

Englasjóða:

617.907.377

28


Heildarfjárfestingar (m.kr)




Heildarfjárfesting vísisjóða og englasjóða 2023

	Upphæð	Fjöldi
Pre - Seed <100 m		
Nýfjárfestingar	252.752.500	8
	255.121.518	8
Eftirfylgnis fjárfestingar	80.525.850	4
	186.733.225	12
Fjárfestingar alls	333.278.350	12
	441.854.743	20
Seed >100 m		
Nýfjárfestingar	527.384.402	5
Eftirfylgnis fjárfestingar	796.337.126	6
	69.914.000	4
Fjárfestingar alls	1.323.721.528	11
	69.914.000	4
Series A og ofar		
Nýfjárfestingar	1.082.000.000	3
	50.588.634	2
Eftirfylgnis fjárfestingar	1.144.699.499	7
	55.550.000	2
Fjárfestingar alls	2.226.699.499	10
	106.138.634	4

Vísisjóðir
Englasjóðir



Heildarfjárfesting: 70.554.809.848 kr.



Svipmynd af umhverfinu

Hér skyggnumst við inn í nýsköpunarumhverfið út frá stuðningi, styrktarsjóðum og engla- og vísisjóðum og sjáum hvernig hlutföllin eru á milli karl-, blandaðra og kvennteyma.


Í flokknum stuðningur var leitað til KLAK - Icelandic Startups sem er stærsti stuðningsaðili frumkvöðla á Íslandi. KLAK leiddi viðskiptahraðlana Startup Supernova og Hringiðu á síðasta ári og leiddu einnig í samstarfi við Rannís stuðningsverkefnið Dafna sem styður við frumkvöðla sem fá úthlutun frá Tækniþróunarsjóð.

Í flokknum styrktarsjóðir var leitað til Rannís og gögn Tækniþróunarsjóðs um umsóknir og úthlutanir vegna Sprota og Vaxtar greind


Gögn frá englasjóðum eru greind eftir hlutfalli karl-, kvenn- og blandaðra teyma í kynningum til sjóða (e. dealflow) og fjölda fjárfestinga.

Gögn frá Vísisjóðum eru greind eftir hlutfalli karl-, kvenn- og blandaðra teyma í kynningum til sjóða (e. dealflow), fjölda fjárfestinga og fjárhæð fjárfestinga.


Stuðningur




Styrktarsjóðir



Englasjóðir



Vísisjóðir



Karlteymi



Kvennateymi



Blönduð Teymi

03

Innlit í stuðnings-umhverfið

Hér er frekari greining á tölum frá KLAK og Tækniþróunarsjóði sem eru mikilvægar stoðir í stuðningsumhverfi frumkvöðla á Íslandi.

Sjá má kynjahlutföll í umsóknum í Gulleggið sem er elsta frumkvöðlakeppni landsins og miðar að frumkvöðlum með hugmyndir á fystu stigum. Fræ/Próunarfræ er styrkur á vegum Tækniþróunarsjóðs sem sömuleiðis er ætlaður frumkvöðlum með verkefni á hugmyndastigi.

Því næst sjáum við niðurbrot á tölum er varða hlutfall teyma sem sækja um í hraðla og styrktar-sjóðina Sprotu og Vöxt sem og þá sem fá að lokum brautargengi.

KLAK Icelandic Startups



Einstaklingsumsóknir á hugmyndastigi

Umsóknir í Gulleggið	52%	48%
Umsóknir í Fræ/Próunarfræ	60%	40%
Styrkt verkefni í Fræ/Próunarfræ	44%	56%

Umsóknir í hraðla og tækniþróunarsjóð

Startup Supernova	30%	18%	52%
Hringiða	42%	16%	42%
Sproti	42%	16%	42%
Vöxtur	35%	7%	58%

Valin verkefni í hraðla og tækniþróunarsjóð

Startup Supernova	30%	70%	
Hringiða	14%	14%	72%
Sproti	37%	15%	48%
Vöxtur	35%	10%	55%
Dafna	42%	27%	31%



Karlateymi



Kvennateymi



Blönduð Teymi

Englasjóðir í Framvís


Skýrsla þessi er uppfærsla á skýrslu sem KPMG vann fyrir Framvís árið 2022. Markmið skýrslunnar er að auka gagnsæi um fjárfestingar engla- og vísisjóða og sýna umfang fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum á Íslandi. Einnig vill Framvís opna á umræðu til að breytingar megi verða í átt að auknu jafnrétti í fjárfestingum.

Greining þessi á jafnrétti í fjárfestingum sprotafyrirtækja á Íslandi tekur einungis til tveggja kynja, þ.e. kvenna og karla. Gögnin ná því ekki til annarra kynja, þ. e. kynsegin fólks. Það er vídd sem mikilvægt er að hafa inni í framtíðinni. Þá er jafnrétti mun víðara hugtak en eingöngu jafnrétti kynja og verður því unnið að því að safna frekari gögnum og upplýsingum til framtíðar með það að markmiði að auka jafnrétti í víðu samhengi.


Heildarfjárfesting Englasjóða: 617.907.377

Fjöldi fyrirtækja
sem fjárfest var í:


28



Kynningar til englasjóða



Blönduð teymi í fjárfestingum englasjóða.
Meðal eignarhlutur karla og kvenna.



 Karlateymi

 Kvennateymi

 Blönduð Teymi

Vísisjóðir í Framvís


Skýrsla þessi er uppfærsla á skýrslu sem KPMG vann fyrir Framvís árið 2022. Markmið skýrslunnar er að auka gagnsæi um fjárfestingar engla- og vísisjóða og sýna umfang fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum á Íslandi. Einnig vill Framvís opna á umræðu til að breytingar megi verða í átt að auknu jafnrétti í fjárfestingum.

Greining þessi á jafnrétti í fjárfestingum sprotafyrirtækja á Íslandi tekur einungis til tveggja kynja, þ.e. kvenna og karla. Gögnin ná því ekki til annarra kynja, þ.e. kynsegin fólks. Það er vídd sem mikilvægt er að hafa inni í framtíðinni. Þá er jafnrétti mun víðara hugtak en eingöngu jafnrétti kynja og verður því unnið að því að safna frekari gögnum og upplýsingum til framtíðar með það að markmiði að auka jafnrétti í víðu samhengi.

Heildarfjárfesting Vísisjóða: 3.883.699.377

Fjöldi fyrirtækja
sem fjárfest er í:

33



Vísisjóðir

Upphæð	Hlutfall
Pre - Seed <100 m	
115.687.500	51%
100.000.000	44%
12.500.000	5%
Seed >100 m	
606.575.976	42%
345.169.000	24%
477.067.403	33%
Series A og ofar	
1.976.699.499	89%
250.000.000	11%
Alls	
2.698.962.975	69%
695.169.000	18%
489.567.403	13%



Karlateymi




Kvennateymi




Blönduð Teymi

Kynningar til vísisjóða



Blönduð teymi í fjárfestingum vísisjóða. Meðal eignarhlutur karla og kvenna



 Karlateymi

 Kvennateymi

 Blönduð Teymi


Samanburður fyrri ára

Hér má sjá samanburð á fjárfestingum vísisjóðanna við síðustu ár út frá kynjahlutföllum. Horft er til fjölda og fjárhæð fjárfestinga ásamt kynningum til sjóðanna. Samanburður við síðasta ár leiðir í ljós að hlutföllin standa nokkurn vegin í stað fyrir utan fjárhæð fjárfestinga, en þar hækkar hlutur kvennateyma um 11% á milli ára á kostnað blandaðra teyma. Fjárhæð til karlteyma eykst um 1% milli ára. Á árinu 2023 var 19% kynninga frá nýsköpunarfyrirtækjum til vísisjóðanna frá blönduðum teymum sem fengu 13% þess fjármagns sem sjóðirnir fjárfestu. Karlteymi stóðu fyrir 55% kynninga, sem er lækkun um 5% frá fyrra ári, og fengu 69% fjármagnsins. Hlutfall kvennateyma í kynningum til vísisjóðanna jókst um 5% og myndaði 26% af heildinni. Kvennateymi fengu 18% fjármagnsins árið 2023, en 7% árið 2022.


Fjárfestingar vísisjóða

2019


Hlutföll eftir stofnendum félaga






Hlutföll eftir fjárhæð fjárfestinga






Hlutföll eftir kynningum til sjóða






2020






2021



2022



2023



Karlteymi

Kvennateymi


Blönduð Teymi

Fjárhæð fjárfestinga vísisjóða í Evrópu vs. Ísland


Séu kynjahlutföll fjárfestinga íslensku vísisjóðanna borin saman við norðurlöndin kemur í ljós að Ísland stendur mun framar á sviði kynjajafnréttis, þó enn sé vissulega langt í land. Kvennateymi hlutu 1% þess fjármagns sem norrænu vísisjóðirnir fjárfestu árið 2023, sem er 17% lægra en á Íslandi, og blönduð teymi hlutu 4,5% samanborið við 13% á Íslandi.

2019



Ísland





Evrópa 2019-2022*
Nordics 2023*





2020





2021



2022



2023



07 Eignarsafn englasjóða & vísisjóða


Hér samanlagðar heildartekjur og fjölda starfsfólks félaga í eignasöfnum vísisjóðanna árin 2019 – 2023, en á því ári bætast tölur úr eignasöfnum englasjóða við. Tölfræðin sýnir að heildartekjur félaga í eignasafninu námu um 31,7 milljarð á árinu sem er lítilleg hækkun frá fyrra ári miðað við síðustu ár.

Hafa þer hugfast að vísisjóðirnir fjárfesta einkum í félögum sem þróa lausnir og afurðir byggðar á íslensku hugviti. Lausnir og afurðir þessara félaga eru oftast nær ætlaðar til útflutnings og sölu á erlendum mörkuðum og eru tekjur að stórum hluta erlendar tekjur.


Í lok árs 2023 störfuðu 2.473 einstaklingar hjá félögum í eignasöfnum engla- og vísisjóðanna. Miðað er við fjölda starfsfólks þeirra félaga sem engla- og vísisjóðir áttu hlut í við áramót og eru því ekki talin með stöðugildi hjá félögum sem sjóðirnir seldu á árinu.

Heildartekjur og fjöldi starfsfólks í félaga í eignasafni sjóðana:

Heildartekjur (m.kr)



Starfsfólk



Karlateymi

Kvennateymi

Blönduð Teymi


*Heimild: <https://report2023.unconventional.lv/>



Vísisjóðir

Englasjóðir

Starfsfólk, stjórnendur og stjórnir í eignasafni sjóðana:

Hér að neðan má sjá tölfræði um kynjaskiptingu starfsfólks, stjórnenda og stjórna félaga í eignasöfnum engla- og vísisjóðanna á árinu 2023. Til samanburðar er litið aftur til ársins 2019 en taka skal fram að tölur frá englasjóðum eru einungis frá árinu 2023.



 Karlar  Konur


08



Fjárfestinga- stjórarar & fjár- festingararáð

Hér að neðan má sjá kynjahlutföllin í innri starfsemi engla- og vísisjóðanna á árinu 2023, þ.e. annars vegar á meðal fjárfestingastjóra og hins vegar á meðal stjórna eða fjárfestingaráða.

Í hópi fjárfestingastjóra er starfsfólk sjóðanna sem er í daglegu starfi og tekur ákvörðun um fjárfestingar. Þau tækifæri sem fjárfestingastjórar taka ákvörðun um að fjárfesta í fara síðan til samþykktar, ýmist hjá stjórn eða fjárfestingaráði. Það er m.ö.o. misjafnt milli sjóða hvort það er stjórn eða fjárfestingaráð sem samþykkir ákvörðun um fjárfestingu.

Þessi tölfræði sýnir að kynjahlutföllin hjá englum og vísisjóðum sjálfum eru nokkuð jöfn. Konur eru til að mynda í meirihluta þeirra sem taka endanlega ákvörðun um fjárfestingar.



 Karlar  Konur



FRAMVÍS
SAMTÖK VÍSIFJÁRFESTA

